



Tillaga að starfsáætlun 2017

Ráðstefna

Á starfsárinu framundan stendur hæst ráðstefna um konur, fíkn, áföll og meðferð sem haldin verður í febrúar eða mars 2018 með þátttöku erlendra sérfræðinga. Undirbúningur ráðstefnunnar verður í höndum Rannsóknarstofnunar í jafnréttisfræðum – RIKK – en Rótin mun þó að mestu sjá um fjármögnun hennar og er drjúgt starf framundan í því. Þegar er búið að ræða fyrir Nancy Poole forstöðukonu Centre of Excellence for Women's Health í British Columbia í Kanada um að flytja aðalfyrirlestur. Verið er að leita að samstarfsaðilum á Norðurlöndum og Kari Lossius við Háskólann í Bergen er áhugaverður kostur.

Umræðukvöld

Áfram er áætlað að halda úti umræðukvöldum en hafa þau eitt til tvö á að hausti og eins að vori.

Námskeið

Námskeið um áföll heppnaðist mjög vel haustið 2016 og greinilega er áhugi á því að fá slíka fræðslu. Áætlað er námskeið um skaðaminnkun haustið 2017. Leiðbeinandi: Katrín G. Alfreðsdóttir, félagsráðgjafi.

Sjálfs hjálparhópar

Áhugi er að koma af stað sjálfs hjálparhópum samkvæmt leiðbeiningum Stephanie Covington. Katrín G. Alfreðsdóttir fer á þjálfunarráðstefnu í byrjun júní 2017 til að undirbúa verkefnið.

Starfshópar

Áhugi er á að stofna hóp um konur í fangelsum til að þrýsta á um umbætur á stöðu þeirra.

Heimsóknir

Við höldum áfram að heimsækja stofnanir og sérfræðinga til að kynna okkur og kynnst starfsemi. Nýjir ráðherrar eru nú í velferðarráðuneyti og munum við óska eftir að hitta þá og einnig fara yfirmenn velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Annað sem áhugi er á að kynna sér: Samhjálp rekur meðferðarstöðina að Hlaðgerðarkoti, Kvennaathvarfið og Fangelsismálastofnun.

Eftirfylgni

Fylgja þarf eftir erindum til stjórnvalda og ýta á auknar gæðakröfur og –eftirlit í meðferðargeiranum og að mótuð verði stefna og klínískar leiðbeiningar fyrir meðferð kvenna samkvæmt bestu þekkingu.

Útgáfa

Vaxandi áhugi er á bók Stephanie Covington „A Woman's Way Through the 12 Steps“ og athugandi að athuga með fjármögnun þýðingar á henni.